

# Skuldleikur

Innlegg í keppni um Íslendingaapp frá hópi 2.

Appið er leikur með allar kynslóðir, fyrir allar kynslóðir, byggður á Íslendingabók.

Í leiknum er eitt borð fyrir hvern ættlið, þar sem keppandi spreytir sig á spurningum um forfeður sína úr viðkomandi ættlið. Stig (og fuglar) eru gefin fyrir rétt svör og því fleiri fást eftir því sem hraðar er svarað.

Leikurinn er aðgengilegur sem vefapp á slóðinni <http://skuldleikur.nemur.net/> og hann er einnig til fyrir spjaldtölvur og snjallsíma: <https://build.phonegap.com/apps/360102/share>

Við útlitshönnun var gengið út frá því að viðmótið yrði sem mýkst svo það myndi höfða til sem flestra. Litavalið og fígúrnar eiga að vera til þess fallnar að virka aðlaðandi á alla aldurshópa. Sérstök áhersla var lögð á að glæða áhuga á ættfræði hjá yngri kynslóðinni með litavali og grafík, sem ætti þó engu að síður að höfða til eldri kynslóðarinnar. Þannig var leitast við að útlit leiksins yrði liður í að brúa kynslóðabilið. Viðmótshönnuninni eru gerð nánari skil í meðfylgjandi PDF skjali.

Við markaðssetningu og textagerð var lögð áhersla á að skapa þá ímynd leiksins að hann þjónaði þeim samfélagslegum tilgangi að brúa kynslóðabilið, auk þess að hafa ótvírætt skemmtanagildi. Leikurinn væri fyrir alla, burt séð frá aldri, tölvulæsi og almennum áhuga á tölvuleikjum. Markaðssetning fór af stað þegar tækni- og hönnunarvinna var komin nógu langt til að við hefðum spennandi sýnishorn fram að færa. Tveimur sólarhringum fyrir skil fórum við af stað á Facebook: <http://www.facebook.com/skuldleikur> og á rúmum sólarhring náðum við yfir 200 „læk“ á síðu appsins. Sem lið í markaðssetningu var útbúið kynningarmyndband, svokölluð kitla (e. teaser): <http://youtu.be/YzjLcOmQLx8> og þegar þetta er skrifað hefur það fengið á annað hundrað spilanir. Ímynd leiksins, sem aðgengilegs tölvuleiks með samfélagslegt gildi, vakti athygli tímaritsins Séð & heyrt, sem hafði samband við okkur í gegnum Facebook síðu appsins og falaðist eftir viðtali við hópinn sem fór fram í dag.

Appið er forritað í JavaScript á móti HTML5 og CSS og byggir á [jQuery Mobile](#) rammanum. Vefappið er knúið af [node.js](#) og hýst hjá [Nodejitsu](#). Haldið er utan um frumkóðann á GitHub: <https://github.com/bthj/Skuldleikur>

*Björn Þór Jónsson, Einar Jón Kjartansson og Hlín Leifsdóttir*